

Skýrsla Æskulýðsdeildar Skagfirðings

2024



SKAGFIRÐINGUR

Efnisyfirlit

Frá formanni.	3
Nefndin á starfsári 2023-2024	4
Fræðsla og námskeið 2023-2024	5
Stígandi - Vikustarf:	5
Léttfeti - Helgarstarf:	6
Svaði - Blandaður hópur	6
Glæsir - Keppnisþjálfun:	7
Reiðskólinn Arnarholti	7
Æskulýðsmót Skagfirðings í Svaðastaðahöllinni.	8
Tekið til kostanna	9
Æskan og hesturinn	9
Landsmót hestamanna 2024	10
Fatnaður	13
HRÍMNIR	13
JAKO	13
Íslandsmót börn – unglingar – ungmenni	14
Fjáröflun fyrir starfið 2024	15
Félagsstarfið á árinu	15
Opnir tímar	15
Piparkökur og píla/pool	16
Kahoot kvöld	16
Jólaþrautabraut	17
Vorfögnuður og gjafir	17
„Félagshestar“	17
Námskeið á haustönn 2024 - vorönn 2025	18
Ráðning yfirþjálfara	19
Framtíðin	20
Að lokum	21
Myndir	22

Frá formanni.



Það eru forréttindi að fá að vinna með börnum og unglungum.

Það eru forréttindi að fá að taka þátt í uppbyggingu æskulýðsdeildar í hvaða íþróttagrein sem er.

Það eru forréttindi að fá að hafa áhrif á unga fólkið okkar, hlusta á þau og kenna þeim.

Það eru forréttindi að vinna ár eftir ár með fólki sem er tilbúið að leggja á sig mikla vinnu til að krakkarnir okkar eigi góðar minningar og verði öflugir einstaklingar í leik og starfi.

Ég er þeirrar gæfu að njótandi að fólkið mitt sem situr með mér í deildinni er duglegt, óeigingjarnt og tilbúið að leggja á sig ómælda vinnu við skipulag og framkvæmd á æskulýðsstarfinu sem fer fram í hestamannafélaginu okkar. Engin nefnd innan íþróttafélaganna er sterkari en fólkið sem í henni situr.

En hvað þarf til að fólk sé tilbúið að leggja sitt af mörögum í félagsstarfi?

Jú, það þarf að vera gaman. Það þarf að hlusta á fólkið og ræða hlutina. Það þarf líka að skipta verkum milli fólks og virkja það, því flestir eru tilbúnir að hjálpa ef það veit hvert verkefnið er og fær leiðbeiningar. Það þarf líka að muna að þakka fólk fyrir, gera eitthvað skemmtilegt saman og hlæja. Við í félaginu okkar erum svo heppin að hafa aðgang að breiðum hópi reiðkennara. Þeir sem hjá okkur starfa eru framúrskarandi þegar kemur að æskulýðsmálum, þau eru hugmyndarík og ná svakalega vel til krakkanna, vinna vel saman og það gerir það að verkum að krakkarnir vilja koma ár eftir ár.

Æskulýðsstarf er krefjandi starf en uppskeran er margföld þegar maður sér krakkana brosa, ná markmiðum sínum og búa til minningar sem fylgja þeim alla ævi.

Ég er þakklát fyrir fólkið sem hjálpar mér að ýta starfinu okkar upp og áfram sem og stjórn Skagfirðings og nefndarmönnum að treysta mér til að leiða starfið.

- Takk fyrir mig.

Nefndin á starfsári 2023-2024

Heiðrún Ósk Jakobínudóttir, formaður

Sonja Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri

Eygló Gunnlaugsdóttir, ritari

Stefanía Inga Sigurðardóttir

Hjördís Elfa Sigurðardóttir

Emil Dan Brynjólfsson

Embla Dóra Björnsdóttir

Luka Dreiner

Jóhanna Heiða Friðriksdóttir

Hafdís Arnardóttir

Anna Baldvina Vagnsdóttir

Inga Dóra Ingimarsdóttir



Fræðsla og námskeið 2023-2024

Mikilvægur hluti fræðslustarfsins er að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir alla aldurshópa og ólík getustig. Nú í ár voru námskeiðin okkar nefnd, en hingað til hafa þau ekki haft neitt nafn og fannst okkur tími til kominn að búa til nöfn til að aðgreina þau. Við ákváðum að heiðra gömlu félögin sem sameinuðust 2016 í hestamannafélagið okkar og nefndum námskeiðin okkar eftir þeim, þ.e. Léttfeti, Stígandi og Svaði.

Keppnisþjálfun sem kennd var á vorönn og fram á sumar fékk nafnið **Glæsir**, en það er hestamannafélagið á Siglufirði og eru því öll nöfnin héðan af svæðinu.

Stígandi - Vikustarf:

Stígandi - Vikustarf er námskeið sem hugsað er fyrir krakka **10 ára og eldri**. Námskeiðið er kennt á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 18:00. Hver tími er 30 mínútur. Námskeiðið er samsett af bóklegum tímum, verklegum hóptímum, paratímum og einkatímum. Alls voru tíu krakkar sem sóttu námskeiðið. Það var mjög gaman að sjá krakkana verða öruggari knapa, læra betur á hestinn sinn og mátti sjá greinilegar framfarir hjá hverjum og einum þegar leið að vori. Í þessu starfi var lögð mikil áhersla á ásetu og stjórnun ásamt



reiðleiðum og gangtegundum. Krakkarnir voru mjög dugleg að taka þátt í vetrarmótum Skagfirðings sem var ánægjulegt, þau eru dugleg að styðja og hvetja hvort annað og það hefur mikið að segja. Reiðkennarar vikustarfsins fylgdu krökkunum á öllum þeim mótum sem þau tóku þátt í og voru þeim innan handar með leiðsögn og hvatningu. Hópurinn var mjög samheldin og skemmtilegur í vetur.

Léttfeti - Helgarstarf:

Léttfeti - Helgarstarfið okkar er námskeið sem er hugsað fyrir krakka frá **tveggja ára aldri til 10 ára**.

Námskeiðið er kennt á laugardagsmorgnum frá kl. 10:00 og er hver tími 30 mín. Námskeiðið er samsett af verklegum og bóklegum tímum. Alls voru 14 nemendur á vorönn. Mikil áhersla er lögð á leiki, stjórnun og jafnvægi á þessu námskeiði. Þarna erum við að sjá svakalegar framfarir hjá yngstu krökkunum okkar. Skemmtilegast er alltaf að fara í eltingaleiki eins og klósettleikinn, ná buffi af hvort öðru og litaleikurinn stendur alltaf fyrir sínu.

Dimmalimm er líka mjög skemmtilegur og krefjandi þar sem stjórnun skiptir höfuðmáli. Þau hafa æft sig að ríða hlið við hlið sem getur verið afar krefjandi og krakkarnir verða mjög einbeitt í að halda línunni sem þjálfar þau vel í stjórnun. Einnig notum við hindrunastökk töluvert en Æskulýðsdeildin fjárfesti í slíkum græjum fyrir nokkru og hefur það verið gríðarlega vinsælt hjá krökkunum. Krakkarnir sem sóttu þetta námskeið voru mjög dugleg að mæta á þau mót sem buðu upp á pollaflokk og það er alltaf jafn gaman að sjá þau brosa upp í stúku að leita að þeim sem þau þekkja og það að heyra nafnið sitt í hátalarakerfinu er hápunkturinn.



Svaði - Blandaður hópur



Svaði er nýtt námskeið sem er fyrir **blandaðan** hóp af krökkum, hugsað fyrir unga krakka sem eru langt komin í hestamennsku miðað við aldur og þurfa meiri áskorun og eldri krakka sem eru nýliðar og/eða þurfa meiri þjálfun í stjórnun og jafnvægi. Þessir tímar eru kenndir á laugardögum og mánudögum.

Fjórar harðduglegar hestastelpur stunduðu þetta námskeið í vetur með mikilli ákveðni og gleði. Þetta námskeið undirbýr nemendur fyrir komandi námskeið sem er þá Stígandi

(vikustarf). Þarna fara kennarar fram á meiri stjórnun og nákvæmni heldur en það sem er í Léttfeta (helgarstarf). Þetta námskeið tókst gríðarlega vel og var mikil ánægja meðal nemanda að fá að gera meira og reyna meira á sig. Mikið var beðið um að ríða stökk og hindrunastökk enda miklar kúrekastelpur þarna ferð. Alltaf stutt í gleði og hlátur sem gerir þetta svo skemmtilegt.

Glæsir - Keppnisþjálfun:

Glæsir - Keppnisþjálfun er námskeið fyrir krakka **eldri en 10 ára** sem ætla sér á keppnisbrautina og/eða vilja þjálfa sig í nákvæmari og agaðri reiðmennsku, ásamt því að þjálfa hestinn sinn markvisst með gangskiptingar, þjálfni og jákvæðni að leiðarljósi.

Kennslan er annars vegar bóklegir tímar og hinsvegar verklegir einkatímar, ásamt því að fara í heimsóknir á ræktunarbú, fá sýnikennslur og hlusta á fyrirlestra.

Reiðkennarar á þessu námskeiði voru Finnbogí Bjarnason og Unnur Rún Sigurpálsdóttir. Áður en námskeiðið hófst var búið að skipuleggja allan

veturinn. Krakkarnir skiluðu sér vel á öll mót, bæði innan félags sem utan og voru okkur til mikils sóma. Mikil áhersla var lögð á að krakkarnir okkar hefðu alltaf kennara með sér á mótum, sér til halds og trausts alveg frá upphitun og eftir að keppni lauk. Þátttaka var góð og voru alls tíu krakkar skráðir. Á vetrarnámskeiðinu voru 6 nemendur og á sumarnámskeiðinu voru þau 11. Það er gaman að fylgjast með og sjá þessa krakka eflast og verða að ennþá betri knöpum en þau voru, til þess er leikurinn gerður og það skilaði sér svo greinilega.



Reiðskólinn Arnarholti

Jóhanna Heiða Friðriksdóttir hefur til margra ára rekið Reiðskólann að Arnarholti og eru námskeiðin hennar alltaf jafn vinsæl og vel sótt. Um 30 börn stunduðu nám í reiðskólanum Arnarholti veturinn 2023-24, allt frá tveggja ára aldri og upp í 16 ára. Skipt

var í hópa eftir aldri og getu, yngstu börnin mættu með foreldrum sem teymdu hestana eftir þörfum. Ýmislegt var brallað í reiðskólanum, þau æfðu ásetu og jafnvægisæfingar, að ríða yfir hindranir, þjálfuðu gangtegundir, fóru í reiðtúra, og lærðu um allt það sem viðkemur umgengni við hestinn og reiðmennsku. Á degi íslenska hestsins tóku krakkarnir í reiðskólanum þátt í sýningunni Æskan og hesturinn á Sauðárkróki og vetrarstarfinu lauk svo með vorhátíð í byrjun júní, þar sem farið var í leiki, grillað og haft gaman.

Æskulýðsmót Skagfirðings í Svaðastaðahöllinni.

Æskulýðsmót Skagfirðings var haldið 18.febrúar þar sem keppnisflokkar voru ekkert endilega hefðbundnir og leiðarljósið var að hafa gaman og ná sem flestum til að vera með.

Keppt var í:

Pollaflokkur: Teymingahópur, fegurðarreið

Pollaflokkur: Sjálfstæðir, tvígangur

Barnaflokkur, unglingsflokkur og ungmennaflokkur: Þrígangur og Tölt T7

Prautabraut: Allir flokkar



Þetta mót heppnaðist virkilega vel. Með því að skipta pollaflokknum í tvennt náðum við að æfa elstu krakkana okkar í að ríða eftir þul og stíga þannig sín fyrstu skref í formlegri keppni og yngstu krakkarnir fengu að njóta sín áhyggjulaus, veifa fólkinu í stúkunni og vera krúttleg með fylgdarmann með sér. Þrígangurinn var þannig uppsettur að það var sýnt fet, brokk eða tölt og svo stökk.

Frítt var að taka þátt og skráðu um fjörtíu börn sig. Við buðum hestamannafélögunum á Norðurlandi að koma og vera með sem var mjög gaman og mikilvægt fyrir félögin að búa til vettvang til að kynnst og vinna saman. Sérstaklega var gaman að sjá alla pollana sem mættu til okkar. Æskulýðsdeildin bauð uppá veitingar í Tjarnarbæ á meðan og eftir mótið sem var vel sótt og var fjáröflun í leiðinni.

Tekið til kostanna

Tekið til kostanna er hestasýning sem skipar stóran sess í hestamanna-hjartanu í Skagafirði. Sýningin í ár var algjörlega mögnuð og margir góðir gæðingar sem teknir voru til kostanna föstudagskvöldið 4.maí í Svaðastaðahöllinni. Elstu krakkarnir okkar voru með fyrsta atriði eftir setningaratriði og sýndu þessir mögnuðu krakkar glæsilega munsturreið sem þau voru búin að æfa stíft allan apríl, sama atriði og þau sýndu nokkrum dögum áður á Æskan og hesturinn.

Krakkarnir okkar sýndu þetta kvöld að þau geta nákvæmlega allt sem þau ætla sér, samvinnan var algjör við að passa hvert einasta smáatriði í sýningunni þeirra, og var eins og þau hefðu aldrei gert neitt annað en að koma fram fyrir fullri reiðhöll, bókstaflega negldu það og settu markið hátt fyrir þá sem á eftir komu.

Æskan og hesturinn

Æskan og hesturinn hefur venjulega verið haldin 1.maí sem er Dagur Íslenska Hestsins en vegna sauðburðar var ákveðið að reyna að færa sýninguna til 21.apríl til að reyna að ná fleiri félögum til að taka þátt. En



veðurkonungur var á öðru máli og því miður urðum við að fresta sýningunni til 1.maí, og var hún því haldin á sínum gamla og rótgróna tíma, á Degi Íslenska Hestsins. Þrátt fyrir frestun var einungis eitt félag sem þurfti að aflýsa komu sinni til okkar þann dag. Unnum við að sýningunni leynt og ljóst í allan vetur en hún er lokapunkturinn á vetrarstarfinu okkar. Margt var um manninn og mikil gleði. Generalprufa var fyrir hádegi og öllum þátttakendum og aðstandendum boðið í grillaðar pylsur í hádeginu - Sýningin sjálf hófst svo klukkan 14:00, atriðin sem mættu á sýninguna voru algjörlega frábær og gaman að sjá hversu öflug ungliðahreyfing er starfandi í hestamannafélögum á Norðurlandi. Meðal annars

sáust atriði með löggum og bófum, kúrekum, skrautreið, þrautabraut og pollaflokkur sýndi Súperman atriði svo eitthvað sé nefnt. Mikið var um dýrðir og var gaman að sjá hversu mikill metnaður var lagður í hvert atriði. Börnin voru í búningum og hestarnir fallega skreyttir í tilefni dagsins og gaman að sjá hversu vel undirbúin þau voru. Eftir sýningu var öllum boðið í vöffur með öllu tilheyrandi.

Veðrið var gott og sá deildin um að úthluta hesthúsaplássum eða hólfum fyrir þá hesta sem komu að og þakkar æskulýðsdeild kærlega fyrir liðlegheit hesthúsa eigenda sem voru tilbúnir að lána hesthús sem gerði það að verkum að allir hefðu gott pláss til undirbúnings. Allir fóru alsælir heim eftir þennan dag með margar nýjar og skemmtilegar minningar í bankanum. Hestamannafélögin sem tóku þátt voru sammála um að þessi dagur hefði tekist mjög vel. Fleiri myndir frá sýningunni eru neðst hér í skýrslu.

Landsmót hestamanna 2024



Krakkarnir í keppnisþjálfun í vetur settu sér bæði skammtíma og langtímamarkmið. Flest langtímamarkmið þeirra tengdust Landsmótinu í sumar. Bóklegir tímar í vetur voru kynningar á keppnisreglum, leiðarar í íþrótt og gæðingakeppni, beislisbúnaður og markmiðasetning. Kennararnir aðstoðuðu þau við að setja sér markmiðin og fylgja þeim eftir. Boðið var upp á keppnisþjálfun frá janúar-maí og annað námskeið frá maí og fram yfir Landsmót. Tíu krakkar voru skráðir í keppnisþjálfun yfir sumartímann og voru þeir tímar allir kenndir úti á keppnisvelli. Þar var generalprufa á laugardegi, viku fyrir úrtöku. Eftir það kom vika í mjög vondu veðri og snjó svo tímarnir voru kenndir inni í reiðhöll fram að úrtöku. Á úrtökunni skiptu kennarar verkum á milli sín þar sem annar aðstoðaði knapa við upphitun og tók á móti eftir sýningu á meðan hinn horfði á og punktaði niður frá því sem knapinn sýndi í brautinni. Eftir fyrri umferð var svo farið yfir punktana með hverjum og einum fyrir seinni umferð. Gaman er að segja frá því að í barnaflokki átti Skagfirðingur þrjá knapa á stöðulista og þar af leiðandi átta fulltrúa í barnaflokki.

Fram að Landsmóti voru stífar æfingar með hverjum og einum knapa þar sem farið var að æfa sérstaka forkeppni. Skagfirðingi var úthlutaður æfingatími á laugardegi og skipti félagið tímanum upp eftir flokkum til að koma í veg fyrir árekstra. Reiðkennarar röðuðu krökkunum upp í holl og því fengu þau að ríða æfingu eins og keppnin yrði framkvæmd en með kennara í eyranu. Reiðkennarar tóku svo einnig þjálfun með hverjum og einum eins og hentaði á sunnudegi á svæðinu.

Keppni í barnaflokki fór fram á mánudagsmorgni og áttum við fyrsta knapa í braut klukkan 8:30. Reiðkennarar voru með tæki tengda við knapa í upphitun og tóku svo á móti öllum eftir að keppni lauk. Þrjár stelpur af okkur fulltrúum komust áfram í milliriðla í barnaflokki. Þau Emma Rún Arnardóttir og Tenór frá Litlu Sandvík (8.64), Sigrún Sunna Reynisdóttir á Myllu frá Hólum (8.57) og Arnheiður Kristín Guðmundsdóttir á Spræk frá Fitjum (8,45). Allir okkar krakkar stóðu sig gríðarlega vel og urðu margir persónulegir sigrar þennan daginn en einnig kepptu í barnaflokki Sigríður Elva Elvarsdóttir með Tind frá Núpstúni, Sigrún Sóllilja Eypórsdóttir með Geisla frá Keldulandi, Pétur Steinn Jónsson með Takt frá Bakkagerði, Grétar Freyr Pétursson með Sóldísi frá Sauðárkróki og Hreindís Katla Sölvadóttir með Ljóma frá Tungu. Öll börn í þessum flokki voru í starfinu í vetur hvort sem var í keppnisþjálfun eða í vikustarfinu.



Tveir knapar í unglingsflokkum komust áfram í milliriðil; Greta Berglind Jakobsdóttir með Hágang frá Miðfelli (8.54) og Hjördís Halla Þórarinsdóttir með Flipa frá Bergsstöðum (8.58). Einnig stóðu sig vel Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir með Ronju frá Ríp 3 (8.35), Fjóla Indíana Sólbergdóttir með Straum frá Víðinesi 1 (8.34) og Lárey Yrja Brynjarsdóttir með Konráð frá



Narfastöðum (8.32). Meiri hluti þessara keppenda voru einnig í keppnisþjálfun eða vikustarfinu í vetur.

Í ungmennaflokkum fóru þrjú knapar frá Skagfirðingi áfram í milliriðil; Þórgunnur Þórarinsdóttir og Jaki frá Skipanesi (8.56), Björg Ingólfssdóttir og Straumur frá Eskifirði (8.52) og Ólöf Bára Birgisdóttir og Jarl frá Hrafnagili (8.47). Rétt fyrir utan var Katrín Ösp Bergsdóttir með Ljúf frá Syðra-Fjalli 1 með 8.37 og svo Kristinn Örn Guðmundsson með Rösk frá Varmalæk 1.



Stelpurnar okkar í barnaflokkum stóðu sig gríðarlega vel í sterkum milliriðlum og þær Sigrún Sunna Reynisdóttir með Myllu frá Hólum og Emma Rún Arnardóttir með Tenór frá Litlu-Sandvík komust alla leið í úrslit. Báðar gáfu þær allt í þetta og stóðu sig frábærlega. Í ungmennaflokkum áttum við einnig tvo fulltrúa í úrslitum og það voru þær Þórgunnur Þórarinsdóttir með Jaka frá Skipanesi og Ólöf Bára Birgisdóttir með Jarl frá Hrafnagili.

Reiðkennarar fóru svo með keppendum í barnaflokkum á Pretty boi tjökkó sem Horses of Iceland bauð börnunum á og allir höfðu virkilega gaman af. Við teljum þessa eftirfylgni í kennslu hvort sem er fyrir, á meðan eða eftir keppni vera að skila okkur betri árangri og meira öryggi barnanna enda var mikil ánægja meðal keppenda og foreldra í hópnum.

Fatnaður

HRÍMNIR

Eftir Landsmót á Helli 2022 óskuðu félagsmenn eftir að boðið væri upp á fatnað merktum félaginu á næsta Landsmóti. Félagið samdi því við Hrímnir um afsláttarkjör á fatnaði fyrir félagsmenn merktum Skagfirðingi svo að sem flestir yrðu vel merktir á Landsmóti. Boðið var upp á að panta regnjakka, peysur, keppnisjakka, húfur og derhúfur í barna og fullorðinsstærðum. Góð sala var á fatnaðinum meðal félagsmanna.



JAKO



Æskulýðsdeild Skagfirðings gaf keppendum sem kepptu á Landsmóti æfingargalla frá JAKO. Gaman var að sjá hvað krakkarnir notuðu fatnaðinn og voru sýnileg á mótinu í merktum fatnaði og er þetta liður í að búa til meiri liðsheild á mótum, finna styrkinn í fjöldanum.

Íslandsmót börn – unglingar – ungmenni

Íslandsmót í barna -og unglingsflokkum fór fram í Mosfellsbæ. Þar átti Skagfirðingur flottar stelpur en í barnaflokkum keppti Emma Rún Arnardóttir með Tenór frá Litlu-Sandvík og áttu þau góðar sýningar í tölti og fjörgangi. Þau sigruðu B-úrslit í fjörgangi og riðu sig upp í þriðja sæti í A-úrslitum með einkunnina 6.50 og í fimmta sæti í tölti með 6.44



Í unglingsflokkum átti félagið þrjú fulltrúa. Hjördís Halla Þórarinsdóttir og Flipi frá Bergsstöðum riðu til B-úrslita í tölti með 6.83 og Hjördís átti áttunda fljótasta tímann í flugskeiði á Gullbrá frá Lóni.

Í gæðingakeppni voru Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir og Ronja frá Ríp 3 efstar eftir forkeppni með 8.51 í einkunn en í úrslitum enduðu þær í sjötta sæti með 8.52 í einkunn og unni til silfurverðlauna í gæðingatölti með einkunnina 8.64! Greta Berglind Jakobsdóttir og Hágangur frá Miðfelli 2 voru næst inn í úrslit með flotta einkunn, 8.41



Íslandsmót ungmenna og fullorðinna var haldið í Fáki og þar átti félagið Íslandsmeistara í ungmennaflokkum; Þórgunnur Þórarinsdóttir er Íslandsmeistari í samanlögðum fimmgangsgreinum í ungmennaflokkum á Djarfi frá Flatatungu. Þau kepptu í tölti (6,57), fimmgangi (6,63) og gæðingaskeiði (7,08) en þau urðu m.a. í 2. sæti í fimmgangi í ungmennaflokkum. Þórgunnur og Hnjúkur frá Saurbæ riðu til B-úrslita í fjörgangi þar sem þau hlutu einkunnina 7.0 og níunda sæti. Björg Ingólfssdóttir og Straumur frá Eskifirði riðu til A-úrslita í slaktaumatölti ar sem þau hlutu fimmta sæti með 6.88 í einkunn en Björg var einnig þriðja í gæðingaskeiði með Kjuða frá Dýrfinnstöðum og 7.17 í einkunn

Fjáröflun fyrir starfið 2024

Eins og vitað er þá vaxa peningar ekki á trjánum og til að eitthvað geti verið gert þarf að standa í fjáröflunum. Í ár seldum við páskaegg frá Sambó sem er orðin hefð og er þátttaka alltaf góð og öruggur peningur í því.

Fisk Seafood á Sauðárkróki hefur síðustu ár blásið til umhverfisdags þar sem þau gefa pening fyrir hvern einstakling sem kemur og týnir rusl í umhverfinu okkar og rennur sá peningur beint í íþróttagreinarnar í Skagafirði. Hestamannafélagið lét ekki sitt eftir liggja og mætti stór hópur í verkefnið í ár eins og síðustu ár og tóku til hendinni í hesthúshverfinu okkar. Þessi dagur endar svo með hressingu í húsnæði Fisk seafood að Sandeyri. Þetta framtak er mjög dýrmætt og mikilvægt fyrir íþróttafélögin fá stuðning frá stórum fyrirtækjum á svæðinu.

Haldið var jólabingó í desember sem gekk vonum framur og í raun varð mæting svo mikil að sækja þurfti fleiri stóla í næstu hús. Við fengum fullt af frábærum vinningum sem fyrirtæki og einstaklingar í firðinum voru svo rausnarleg að gefa og allir fóru sáttir heim og var því ákveðið að þetta yrði árlegt hjá félaginu.

Félagsstarfið á árinu

Við höfum verið að hittast í Tjarnarbæ félagsheimilinu okkar eftir Léttfeta tímana um helgar til að ná foreldrum saman í kaffibolla og krakkarnir leika sér saman og blandast þannig ennþá meira saman og styrkja tengslin.

Opnir tímar

Laugardaginn 6. janúar var opinn dagur fyrir þau börn í Skagafirði sem vildu koma og kynna sér starfið í hestamennskunni. Mikil ánægja var með þennan dag og var því aftur boðið upp á þetta 2. og 4. september þar sem 15 börn mættu. Formaður Skagfirðings, Elvar Einarsson skaffaði fjóra hesta og æskulýðsdeildin sá um reiðtygi og hjálma. Við

fundum fyrir miklum áhuga meðal fólks og erum við vongóð um að þetta framtak skili nýjum iðkendum inn í félagsstarfið með notkun á félagshestum.

Piparkökur og píla/pool

Krakkarnir í Stíganda og Svaða fóru í sínum síðasta tíma fyrir jól að skreyta piparkökur saman, horfðu á jólamynd og spiluðu pílu & pool. Er þetta mikilvægur hluti félagsstarfsins okkar, þ.e. að krakkarnir hittist utan reiðtíma og hafi gaman saman því að það hristir hópinn saman.



Kahoot kvöld

Við höldum kahoot kvöld sem var vel sótt af krökkunum. Þar fór fram spurningakeppni um hesta og allt sem viðkemur hestamennsku, þar sem spurningar voru bæði auðveldar og í þyngri kantinum. Sigurlið fengu verðlaun eftir hverja spurningalotu. Var þetta mjög vinsælt og var mikil ánægja með þessa kvöldstund.

Jólaþrautabraut

Í byrjun desember settum við upp jólaþrautabraut í reiðhöllinni þar sem allir máttu koma og prófa hvort sem þeir væru nemendur í starfinu eða ekki. Öll börn fengu þátttökuverðlaun og var þetta ágætlega sótt. Alltaf gaman að brjóta upp starfið og gera eitthvað öðruvísi og skemmtilegt.

Vorfögnuður og gjafir

Um miðjan júní héldum við vorfögnuð fyrir alla iðkendur þar sem við lukum starfi vetrarins. Vegna veðurs var ákveðið að halda fögnuðinn í reiðhöllinni þar sem krakkarnir hittust og fóru í hina ýmsu leiki. Allir fengu pylsur og safa og var gaman að eiga þessa stund saman til að ljúka vetrarstarfinu. Allir iðkendur fengu Hrímnis húfur merktar Skagfirðingi að gjöf og var hægt að velja á milli derhúfu og húfu.

„Félagshestar“

Í ár bauð deildin upp á leiguhesta fyrir börn sem hafa ekki verið í félagsstarfinu og var þetta búið að vera draumur okkar nefndarmanna lengi. Nú í fyrsta skipti gátu krakkar sem hafa ekki aðgang að hrossum, hesthúsi eða reiðtygum en hafa brennandi áhuga á hestamennsku tekið þátt í námskeiðum á vegum deildarinnar. Formaður Skagfirðings, Elvar Einarsson á Skörðugili, bauðst til að lána hesta sem og reiðtygi. Leigðar voru stíur í hesthúsahverfinu á Sauðárkróki þar sem eigandi

hesthússins, Hörður Þórarinsson, sá um gjafir og hirðingu hrossa og var til taks þegar krakkarnir mættu á námskeið til aðstoðar. Þar læra börnin þá ábyrgð sem fylgir því að halda hesta og hvað þarf að gera svo að hrossinu líði vel. Hestarnir voru notaðir bæði í viku- og helgarstarfinu. Þetta skref teljum við mjög mikilvægt í nýliðun þar sem þetta opnaði dyrnar fyrir börn og unglinga sem ekki koma úr hestafjölskyldum og hafa því ekki



aðgang að hrossum. Þarna er tækifæri fyrir þau að koma inn í hestamennskuna og taka sín fyrstu skref undir leiðsögn. Reynt var að halda kostnaði við leigu á hesti í lágmarki og telur æskulýðsdeild og stjórn þetta mikilvægt skref til nýliðunar í félagsstarfinu.

Námskeið á haustönn 2024 - vorönn 2025

Við munum halda áfram með námskeiðin sem við höfðum á fyrra ári og bætum við ásetu- og jafnvægisnámskeiði sem við höfum haldið áður við góðar undirtektir.

Námskeiðin sem við bjóðum upp á þetta árið eru því eftirtalin:

- **Ásetu og jafnvægisnámskeið**
- **Léttfeti - Almennt reiðnámskeið fyrir yngri félagsmenn**
- **Stígandi - Almennt reiðnámskeið fyrir börn og unglinga**
- **Svaði - námskeið fyrir börn meira vön og sjálfstæð**
- **Glæsir - Keppisnámskeið fyrir börn/unglinga/ungmenn**



Ráðning yfirþjálfara

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vera með faglega umsjón með skipulagningu og mótun á afreksstarfi félagsins
- Gerð námskrár og skipulagning námskeiða barna og fullorðinna
- Hafa yfirumsjón með þjálfun og kennslu yngri flokka
- Móta framtíðarstefnu félagsins í kennslu og námskeiðahaldi
- Stuðningur við æskulýðsdeild tengt viðburðum og hittingum
- Umsjón barna og unglinga fyrir mót félagsins, Íslandsmót, Landsmót og eftirfylgni á stærri mótum.
- Skipulag auglýsinga og skráninga í samvinnu við æskulýðsdeildina

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði reiðmennsku og reiðkennslu auk reiðkennararéttinda
- Víðtæk reynsla af skipulagningu og framkvæmd á reiðkennslu
- Mikil skipulagsfærni og hæfni til að hafa góða yfirsýn yfir verkefni
- Reynsla af gerð námskrár
- Lipurð í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð tölvufærni nauðsynleg
- Krafa um hreint sakavottorð

Yfirþjálfari skal vera hvetjandi og sýna frumkvæði. Ráðning er endurskoðuð árlega en var ekki auglýst í ár. Ákveðið var að gera samning við Skagfirðingsfélagann Unni Rún

Sigurpálsdóttir sem uppfyllir allar þær kröfur sem settar eru. Tekur hún við af Sigrúnu Rós Helgadóttir sem hefur gengt starfinu frá 2022.

Framtíðin

Við erum stórhuga enda er liðsheildin okkar sterk og drifandi og lítið um mannabreytingar síðastliðin ár. Okkur langar auðvitað alltaf að gera meira og betur og erum stöðugt að hugsa um hvað má gera betur eða öðruvísi. Loksins erum við farin að geta boðið upp á leigu á hestum, reiðtygum og hesthúsplássi fyrir þá krakka sem ekki hafa bakland í hestum og teljum við það vera mikið framfaraskref.



Það er margt framundan veturinn 2024-2025, við höldum áfram námskeiðahaldi og reynnum að bjóða upp á eitthvað fyrir alla. Haustið byrjaði á prufutíma fyrir börn þar sem þau gátu komið og fengið tvo reiðtíma frítt. Um 14 börn skráðu sig og flest þau andlit ný hjá okkur. Ásetu og jafnvægisnámskeið var haldið um miðjan september þar sem 20 krakkar mættu en á báðum námskeiðum voru hestar og reiðtygi sköfðu af hestamannafélaginu.

Ný og spennandi viðbót hjá fræðslunefnd Skagfirðings er t.d. framtamninganámskeið með Ingu Maríu sem verður einnig í boði fyrir börn/unglinga æskulýðsdeildar. Við ætlum að vera dugleg að hafa hittinga og samverustundir utan kennslutíma, m.a. Kahoot kvöld, jólabingó sem er í senn fjáröflun og samvera ásamt ýmsu öðru. Við erum spennt fyrir heimsóknnum um fjörðinn, fyrirlestrum frá sérfræðingum og áframhaldandi samstarfi við félögin á Norðurlandi.

Fjáraflanir þurfa alltaf að vera í gangi til að hægt sé að gera eitthvað skemmtilegt með krökkunum og kaupa nýjan og betri búnað og erum við alltaf með augun opin fyrir því hvað er hægt að gera til að búa til pening fyrir starfið. Erum við með margar nýjar

hugmyndir auk þess sem gamlir og góðir liðir, s.s. jólabingó, páskaeggjasala o.fl.munu vera aftur. Mest hlakkar okkur samt til að vera með krökkunum okkar og sjá þau ná markmiðum sínum, taka framförum og hlæja með þeim. Við eigum ofboðslega mikið af flottum og duglegum krökkum og eru það forréttindi að fá að leika með þeim ár eftir ár.

Að lokum

Eins og komið hefur fram er öflugt æskulýðsstarf ekki gert úr engu.

Við erum mjög heppin að eiga marga duglega og klára einstaklinga sem eru tilbúnir að vinna fyrir okkur og með okkur. Það er ótrúlegt hvaða markmiðum er hægt að ná ef allir leggjast á eitt og eru tilbúnir að fórna tíma sínum fyrir krakkana okkar.

Starfið okkar er gríðarlega metnaðarfullt. Nefndarmenn eru hoknir af reynslu þegar kemur að félagsstörfum, skipulagi og vinnusemi, því er starfið gríðarlega öflugt. Óeigingirni, samvinna og vinnugleði er sennilega það sem einkennir nefndina hvað mest, en mjög litlar mannabreytingar hafa verið síðustu 4 ár og segir það sitt um samheldni nefndarmanna og áhuga.

Til að ná markmiðum og verða betri íþróttamaður þarf að hafa góða kennara og leiðbeinendur. Það höfum við svo sannarlega.

Það gefur okkur skýra mynd af gæðum kennaranna að sjá uppskeru krakkanna okkar, bæði sem íþróttamenn og almenna knapa.

Kennari er nefnilega ekki bara kennari. Allir okkar kennarar eru svo miklu miklu meira. Þau eru félagar, stuðningur, pepparar, húmoristar, leiðbeinendur og huggarar.

Það er dýrmætt fyrir krakkana okkar að alast upp með kennurum sem hugsa um þeirra hag, vilja sjá þau blómstra og gefa sér góðan tíma fyrir hvern og einn.

Við erum heppin að hafa hjá okkur öflugan og metnaðargjarnan hóp kennara og leiðbeinenda sem fá stuðning frá nefndinni til að byggja upp öflugt starf sem skilar öflugum knöpum, með góðar minningar úr æskulýðsstarfi, hvað svo sem þau ætla sér í framtíðinni.

Framtíðin er björt.

Myndir







